



4. tbl.

Skólaárið 2017 / 2018

Fréttabréf GSnb



Skólastarf fór vel af stað á nýju ári. Hver viðburðurinn rak annan, m.a. danskennsla og danssýningar, 100 daga hátíð, framhaldsskólahermirinn, heimsóknir frá Landvernd og sirkusfólki. Við höldum áfram að leggja áherslu á að efla læsi nemenda. Allir nemendur okkar voru prófaðir nú í janúar og niðurstöður voru sendar heim þar sem nemendur og foreldrar geta séð framfarir nemenda. Heilt yfir þá erum við að koma vel út, allir bekkir við eða yfir landsmeðaltali. Við sjáum líka að flestum nemendum fer aftur í fríum og það tekur marga þeirra upp undir þrjá mánuði að vinna upp sumarfríið! Okkur miðar í rétta átt og þurfum halda áfram á þeirri braut sem við erum að marka. Æfingin skapar meistaran.

Danskennsla

Nemendur í 1.-4. bekk hafa undanfarin ellefu ár verið í danskennslu. Hver bekkur fær alls 5 tíma á hverju skólaári og endar tímabilið með sýningu. Lilja hefur kennt dansinn öll árin, en á þessu skólaári fengum við Jón Pétur Úlfliótsson (Dansskóli Jóns Péturs og Köru) í lið með okkur.

Jón Pétur kom til okkar í september og þá var kenndur dans í öllum bekkjum með það fyrir augum að efla félagshæfni og sjálfstraust hjá nemendum auk þess að auka dansfærni þeirra. Nemendur í 5.-10. bekk dönsuðu allir saman í nokkur skipti og var frábært að sjá hve jákvæð og góð samskipti þeirra voru og nánast allir með, en tímarnir voru byggðir upp með dönsu sem þeir höfðu lært í 1.-4. bekk.

Í deildinni á Lýsu hefur danskennsla verið sinnt áratugum saman með þeim hætti að danskennari kemur einu sinni á skólaári með þriggja daga námskeið. Allir nemendur taka þátt og kennarinn bætir við dansana eftir því sem krakkarnir verða eldri og færari. Ásrún Kristjánsdóttir, danskennari, hefur séð um kennsluna nær óslitið hátt í þrjá áratugi. Danskennslan er í boði ungmennafélaganna í sunnanverðum Snæfellbæ.

Lilja Stefánsdóttir og Rósa Erlendsdóttir, deildarstjórar

Óveður og viðbrögð við því

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í nánd þá er mikilvægt er að foreldrar fylgja vel með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður. Veður geta þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mjög mismunandi eftir svæðum. Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá skólafyrirvöldum. Það er mikilvægt að foreldrar fylgi barni sínu inn í skólabygginguna þegar óveður geisa og sækir það inn í skólann í lok dags séu aðstæður þannig.

Kennsla er að jafnaði ekki felld niður þótt veður sé slæmt og skólabíll aki ekki á milli starfstöðva. Við slíkar aðstæður mæta starfsfólk og nemendur til vinnu í þeim bæjarkjarna þar sem þeir búa.

Það er hins vegar á valdi forráðamanna að meta hvort rétt sé að senda nemendur í

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



skólann enda tilkynni þeir í skólann þá ákvörðun sína líkt og önnur forföll. Skólabílstjórar bera ábyrgð á akstri og er það því þeirra að meta hvort veður sé með þeim hætti að öruggt sé að ferðast. Þessa ákvörðun taka skólabílstjórar í samráði við skólastjóra. Í þeim tilvikum er ákvörðun um niðurfellingu aksturs unnin samkvæmt eftirfarandi viðbragðsáætlun: <https://www.gsnb.is/vidbragdsaaetlun-ovedur>

Það eru vinsamleg tilmæli skólafyrivalda að nemendur séu ekki sóttir í skólann á skólatíma, þegar veður eru válynd. Við sendum út fréttatilkynningu þess efnis óskum við eftir að nemendur séu sóttir á skólatíma.

Foreldrasamtöl - Frammistöðumat - Lykilhæfni

Við leggjum lykilhæfnina til grundvallar í öllu skólastarfi og aðlögum að bekkjum og faggreinum. Kennarar og nemendur í 8.-10. bekk leggja mat á þessa þætti og niðurstöðurnar verða ræddar í foreldrasamtölum.

Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Með því að skilgreina hæfniviðmið í lykilhæfni í öllu námi frá upphafi skólagöngu er lagður grunnur að alhliða þroska nemenda. Hæfni til tjáningar, gagnrýninnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfspækingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

Áður en foreldrar mæta í samtalið verða þeir að fara inn á sitt svæði á mentor.is. Skipt er yfir í gamla hlutann með því að velja fjölskylduvefinn sem er fjólublá flís neðst til hægri. Þegar komið er inn á eldri útgáfuna er farið inn á frammistöðumat sem er fjórði tengill neðan frá, vinstra megin.

Foreldrasamtalið á að snúast um hverjir styrkleikar nemandans eru, hvað megi betur fara og að nemandi setji sér markmið.

Á foreldrasamtalsdaginn, föstudaginn 16. febrúar þjóðum við upp á vöflur og heitt kakó, frá kl. 8:30 til kl. 15:00.

Hreint haf - ungt fólk gegn plastmengun í hafi

Landið okkar er hafi umkringt og tengir það okkur við önnur lönd. Það mótar landið okkar og hefur gríðarlega mikil áhrif á veður og loftslag. Hafið gerir jörðina lífvænlega og hýsir og styður við vistkerfi á landi og legi. Hafið og tilvera manna er bundin órjúfanlegum böndum og því mikilvægt að huga að heilbrigði hafsins. Skilningur á þessum atriðum kallast hafhlæsi (e. ocean literacy) og er það mikilvægt fyrir smáa þjóð sem byggir afkomu sína að hluta til á sjávarútvegi að bera skynbragð á víðtæk áhrif hafsins á líf okkar.

Hafið á í vök að verjast og er plastmengun í hafi ein af helstu áskorunum samtímans.

Landvernd og Grunnskóli Snæfellsbæjar sneru bökum saman sl. haust og vinna nú að þróunarverkefninu Hreint haf – ungt fólk gegn plastmengun í hafi. Skólinn er þátttakandi í Grænánaverkefni Landverndar og vinnur starfsfólk Landverndar í sameiningu með nemendum og starfsfólki skólans að þróun verkefnisins sem mun gagnast öðrum skólum í vitundavakningu um hafið og plastmengun í hafi.

Markmið verkefnisins er að nemendur læri um mikilvægi hafsins í víðum skilningi, læri um mengun sjávar af völdum plasts, um áhrif plasts á lífríkið, hvernig takist á við orsakir vandans og hvernig koma megi í veg fyrir áframhaldandi mengun.

Verkefnið nýtist vel í strandhreinsunarátaki Landverndar, Hreinsum Ísland. Starfsfólk Landverndar er þakklátt fyrir samstarfið og hlakkar til að miðla efninu til annarra skóla.

Margrét Hugadóttir verkefnastýra hjá Landvernd

Góð gjöf

Á síðasta degi jóla, þann 6. janúar síðastliðinn, urðu viss þáttaskil í starfsemi Áttthagastofu Snæfellsbæjar þegar félagið Áttthagastofa Snæfellsbæjar var lagt niður. Af því tilefni ánaðnaði stýrihópur félags Áttthagastofu Snæfellsbæjar skólanum ávísun upp á 100 heimsóknir með móttöku og leiðsögn um Sjóminjasafnið á Hellissandi. Við þökkum fyrir þennan hlýhug sem okkur er sýndur með þessari höfðinglegu gjöf sem mun efla áttthagafræðikennsluna við skólann.

